

23. gr.

Stjórnin skal skera úr um ágreining milli þingaðila að því er varðar framkvæmd reglna þingsins. Einnig skal hún skera úr um ágreining á milli viðskiptavina og þingaðila vegna viðskipta með skráð verðbréf enda hafi ágreiningnum verið vísað til stjórnarinnar af öðrum hvorum aðila.

24. gr.

Fundur þingaðila gerir tillögur um breytingar á reglum þessum til Seðlabankans og kynnir þær ráðherra. Um vægi atkvæða gilda ákvæði 5. gr.

25. gr.

Kostnaður af rekstri þingsins skal greiddur af tekjum þess sem aflað er skv. 9. gr. og 15. gr. Stjórn þingsins skal færa sérstakt bókhald fyrir þingið. Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af Seðlabankanum og hinn kosinn af öðrum þingaðilum. Um vægi atkvæða gilda ákvæði 5. gr. Birta skal endurskoðaða reikninga þingsins í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 36/1986 að fengnu samþykki ráðherra og öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felldar núgildandi reglur nr. 119 frá 23. febrúar 1988 um Verðbréfaþing Íslands.

Reykjavík, 22. febrúar 1989.

Jóhannes Nordal.

Geir Hallgrímsson.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 24. febrúar 1989.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 32,72

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1 mæli) er greitt fast mánaðargjald, sem fer eftir stærð sem hér segir:

- | | |
|---|--------------|
| a) fyrir mæli allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 327,00 |
| b) fyrir mæli 1"-2" | kr. 681,00 |
| c) fyrir mæli 3" og stærri | kr. 1 382,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 875,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum, þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil, ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 10 daga frá útsendingardegi reiknings.

7. gr.

Stofngjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál) m ³	Stofngjald	
Allt að 400	59 200,00	
400- 2 000	59 200,00	fyrir 400 m ³ + 49,00 kr/m ³ þar yfir
2 000- 6 000	137 600,00	fyrir 2 000 m ³ + 41,00 kr/m ³ þar yfir
6 000-10 000	301 600,00	fyrir 6 000 m ³ + 37,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000	449 600,00	fyrir 10 000 m ³ + 32,00 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal greiða kr. 7 200,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal, skv. 3. gr. laga nr. 64/1943, auglýsa gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma, í Lögbirtingablaði.

9. gr.

Nú er tengingu húss lokið og er þá stofngjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1 836,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 2. mars 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 69, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 246, 9. júní 1987, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.